

## **Stjórnarfundur TSÍ þann 17.08 2009 kl 12:00 – 13:30**

Mætt voru Andri, Gunnar, Ingólfur, Jónas, Raj, Rakel og Skjöldur

### **1. Sagt frá nýju heimasíðunni tennissamband.is**

Rakel sagði frá því að ný heimasíða hefði komið í loftið 14.ágúst síðastliðinn og sé að mestu leyti tilbúin. Aðeins á eftir að fínþússa og bæta við efni sem er ekki tilbúið og á eftir að semja. Raj hafði talað við þrjá aðila og beðið þá að vera styrktaraðila fyrir TSÍ og í staðinn myndu þeir hafa logo-ið sitt á tennissamband.is. Hann fékk neitun alls staðar jafnvel þótt hann þekkti e-ð til innan fyrirtækjanna. Enginn annar hafði reynt að fá styrktaraðila. Raj talaði um að skrifa í blöðin um það að fyrirtæki væru ekki tilbúin að styrkja tennisinn á Íslandi. Ingólfur og Skjöldur voru tilbúnir að hjálpa honum með það. Skjöldur talaði um að best væri að reyna að fá ríkisfyrirtæki til að styrkja TSÍ því það væru líklega mestu líkurnar á að þeir myndu styrkja sérsamböndin. Rakel hvatti alla stjórnarmenn á að reyna að fá styrki fyrir TSÍ og geta þannig fengið logo inn á heimasíðuna.

Rakel fór yfir atriði sem vantaði á heimasíðuna m.a. upplýsingar um nefndirnar. Jónas gaf upp upplýsingar um Fræðslu- útbreiðslu - og þjálfaranefnd sem vantaði.

Fræðslu- útbreiðslu - og þjálfaranefnd

Jónas Páll Björnsson formaður

Andri Jónsson

Anna Podolskaia

Carola Frank

Raj K. Bonifacius

Sigurlaug Sigurðardóttir

Yousef Sheikh

Rakel sagði frá því að hún væri nánast búin að finna alla Íslandsmeistara frá upphafi í meistaraflokkunum og það yrði birt um leið og það væri tilbúið. Rakel sagði líka að það vantaði upplýsingar um okkar afreksfólk, varðandi Davis Cup, Fed Cup og Smáþjóðaleikana en það væri vinna að safna þeim gögnum saman. Ákveðið var að Rakel tæki það að sér og það yrði svo birt á síðunni.

### **2.Jónas lagði fram gögn frá Fræðslu- útbreiðslu - og þjálfaranefnd, einnig frá Dómaranefnd frá Yousef**

Lagt hafði verið 200.000 kr í þessa nefnd samkvæmt núverandi fjárhagsáætlun. Nefndin hélt það hefði verið 350.000 kr og ætlaði að biðja um aukafjárframlag upp á 64.000 kr. Stjórnin samþykkti að 100.000 kr sem hafði verið úthlutað í Sögu TSÍ og tennis á Íslandi (100.000 kr) yrði fært yfir til Fræðslu- útbreiðslu - og þjálfaranefnd með þeim fyrirvara að hann myndi þá koma inn í fjárhagsáætlun á næsta ári. Þannig að þegar manneskja fengist í starfið þá myndi hún fá greitt á næsta ári. Skjöldur var búin að tala við Margréti

og var að reyna að fá hana í þetta, hún var ekki búin að samþykkja en hann ætlaði að tala við hana aftur.

Stjórnin samþykkti að Fræðslu- útbreiðslu - og þjálfaranefnd myndi nota 50.000 kr í grunnstignámskeið sem Raj og Sigurlaug héldu síðastliðinn maí og tókst vel. Notuð var Grunnstigsmappa TSÍ sem þyrfti að uppfæra þar sem hún er orðin gömul en þau tóku tillit til þess í kennslunni. Jónas og Raj töluðu um að þeim fannst þetta námskeið hafa skilað sér í þjálfuninni í sumar. Einnig var samþykkt að 14.000 kr færi í kostnað vegna fyrirlestur Chris Harwood íþróttasálfræðing og að 120.000 kr færu í skólakynningar í haust. Skólakynningarnar færu þannig fram að hvert aðildarfélag gæti sótt um 20.000 kr styrk til að halda skólakynningu í september.

Raj hefur fengið styrk frá ITF til að fara á þjálfararáðstefnu í Hollandi í október. Styrkurinn dugar fyrir öllu, þ.e. ferðakostnað, gisting og fæði. Önnur þjálfararáðstefna er á Spáni í haust þar sem áhersla er lögð á “elite training”. Raj ætlar að athuga hvort hægt sé að sækja um styrk fyrir þeirri ferð. Fyrirhugað er þá að senda 1-2 þjálfara á það námskeið. Andri lýsti yfir áhuga á að fara í þá ferð og nefndi að hann og Raj væru einu þjálfararnir á Íslandi sem væru í því í fullu starfi og ættu því e.t.v. meira heima á svona ráðstefnum heldur en þeir þjálfarar sem eru í hlutastarfi allavega til að byrja með. Fyrirhugað er þá að e-r peningur frá TSÍ fari í að styrkja þessar ferðir en ekkert var ákveðið um það á fundinum. Ætlunin er að þeir þjálfarar sem fari út á þjálfaranámskeið/ráðstefnur haldi svo fyrirlestur hér heima og miðli því til hinna þjálfaranna sem þeir hafa lært.

ÍSí hefur e-ð verið að styrkja þjálfaranámskeið hjá sérsamböndunum og ætlaði Raj því að athuga hvort TSÍ gæti fengið styrk fyrir grunnstignámskeiðið.

### **3. Gjaldkeramál**

Raj mun afhenda Ingólfi gjaldkeramöppu eftir viku. Jónas kvartaði yfir því að TSÍ væri ekki búinn að greiða honum reikning fyrir boltum sem Tennishöllin seldi TSÍ fyrir Íslandsmótið utanhúss á síðasta ári á kostnaðarverði. Ingólfur sagði að ástæðan fyrir því væri að hann væri búinn að greiða Jóni Axel (mótstjóra) þann reikning en það hafði ekki skilað sér til Tennishallarinnar. Einnig á Jón Axel eftir að greiða Eiríki fyrir hans vinnu við Íslandsmótið. Skjöldur ætlaði að ræða þetta við Jón Axel. Jónas sagði frá því að hann hefði fundið umslag með 24.500 kr á skrifstofunni sinni sem var frá síðasta Íslandsmóti. Samþykkt var að Jónas fengi þann pening þar sem skuldin fyrir boltunum væri 24.000 kr.

Kveðja,  
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ